

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. febrúar 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta, þingskjal 50, 50. mál.

Samkvæmt tillögunni er fjármála- og efnahagsráðherra falið að leiða viðræður við Samtök atvinnulífsins og viðsemjendur þeirra um gerð kjarasamnings sem feli í sér að tilteknar starfsgreinar þar sem konur eru í miklum meirihluta, svonefndar kvennastéttir, hækki meira í launum en aðrar starfsgreinar.

Tillaga þessi beinist ekki að einstökum stéttum á almennum vinnumarkaði. Allir þeir hópar sem vísað er til í tillögunni starfa hjá ríki og sveitarfélögum og sérstaklega er vísað til samanburðar á launum hópa sem starfa hjá hinu opinbera. Fjármála- og efnahagsráðherra er ætlað að ná fram sátt á vinnumarkaði um að helmingur opinberra starfsmanna verði hækkaður í launum umfram launaþróun annarra.

Margt kemur í veg fyrir að svo sértæk aðgerð geti náð fram að ganga:

Nýtt samningalíkan

Á undanförunum árum hefur verið unnið að mótun nýs samningalíkans með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og sameiginlegri launastefnu á vinnumarkaði. Rammasamkomulag ASÍ, BSRB, SA, ríkis og sveitarfélaga frá 27. október 2015 var mikilvægur áfangi í þeirri vinnu. Samþykkt þingsályktunartillögu um sérstaka hækkun tiltekinna hópa opinberra starfsmanna umfram aðra, sem fjármála- og efnahagsráðherra er ætlað að setja á oddinn í viðræðum um endurnýjun rammasamkomulagsins, getur sett þær viðræður í uppnám.

Sporin hræða

Æskilegt væri að höfundar tillögunnar kynntu sér framkvæmd sambærilegra áforma og í henni felast og hrint var í framkvæmd í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þáverandi ríkisstjórn fól Samninganefnd ríkisins að gera breytingar á kjarasamningum þess efnis að tilteknar starfsgreinar hækkuðu í launum en aðrar ekki. Þau afskipti ríkisins af kjarasamningum ollu töluverðu uppnámi í samskiptum aðila að kjarasamningum ríkisins og jafnframt á vinnumarkaðnum öllum.

Ósamrýmanlegt jafnlaunastefnu

Stofnanir ríkisins vinna nú ásamt öðrum stærri vinnuveitendum að innleiðingu jafnlaunastaðals sem á m.a. að tryggja að atvinnurekandi greiði sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Flokka þarf störf á grundvelli málefnalegra viðmiða. Tillaga þessi til þingsályktunar gerir hins vegar ráð fyrir að laun einstakra starfsgreina verði eingöngu borin saman á grundvelli menntunar og ábyrgðar. Ekki á að líta til annarra málefnalegra þátta sem áhrif hafa á ákvörðun launa. Því kann að fara að stofnun með vottaða jafnlaunastefnu verði gert að innleiða nýjan kjarasamning sem felur í sér sérstaka launahækkun starfsgreina sem gegna störfum sem metin hafa verið jafnverðmæt störfum sem aðrir sinna og en eiga að fá minni hækkun launa. Ekki verður séð að þessi markmið séu samrýmanleg.

Leið almenna vinnumarkaðarins til jafnaðar

Launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði hefur helst komið fram í mun á heildarlaunum karla og kvenna, sem endurspeglar m.a. að hlutastörf eru algengari meðal kvenna en karla og að karlar vinna umtalsvert meiri yfirvinnu en konur. Við gerð kjarasamninga árið 2015 var samþykkt að hefja viðræður um breytingar á ákvæðum kjarasamninga um álagstímabil og álagsgreiðslur með það m.a. að markmiði að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum. Ljóst er að sú aðgerð, ef af verður, mun leiða til hækkunar heildarlauna kvenna umfram karla. Rétt er að opinberir vinnuveitendur skoði með sama hætti hvort breyttar áherslur í kjaraumhverfi þeirra geti leitt til aukins launajafnaðar.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að sátt geti náðst á vinnumarkaði um launastefnu sem gengur út á að leiðandi samningsaðilar geri kjarasamninga innan marka efnahagslegs svigrúms og með hliðsjón af samkeppnisstöðu útflutningsgreina og að aðrir kjarahópar, smáir sem stórir, skuldbindi sig til að vinna innan þess efnahagslega svigrúms. Sértækar aðgerðir hins opinbera sem vinnuveitenda verða að rúmast innan þess svigrúms. Samtök atvinnulífsins geta ekki stutt tillögur sem ganga gegn þessum markmiðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson